

AUGLÝSING

um friðlýsingu Bakkatjarnar á Seltjarnarnesi og næsta nágrennis.

Að tillögu Náttúruverndar ríkisins og samkvæmt samþykki bæjarstjórnar Seltjarnarness hefur umhverfissráðherra ákveðið að friðlýsa Bakkatjörn og næsta nágrenni sem friðland í samræmi við 53. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda tjörnina og lífríki hennar ásamt aðliggjandi votlendi og vallendi. Bakkatjörn er strandvatn en ósi tjarnarinnar var lokað um 1960. Á og við Bakkatjörn er fjölskrúðugt fuglalíf. Bakkatjörn er strandtjörn, grunn og lífrík um 14 ha að flatarmáli. Bakkatjörn og umhverfi hefur vegna legu sinnar innan þéttbýlis mikið úti-vistar- og fræðslugildi.

Mörk svæðisins eru Bakkatjörn og nánasta umhverfi er afmarkast innan stíga að vestan-, norðan- og austanverðu við tjörnina og að veglínu Suðurstrandar að sunnanverðu við tjörnina, sbr. meðfylgjandi uppdrátt.

Um friðlandið gilda eftirfarandi reglur:

1. Mannvirkjagerð og aðrar breytingar á landi eru háðar leyfi Náttúruverndar ríkisins og bæjarstjórnar Seltjarnarness.
2. Almennungi er heimil för um svæðið í lögmætum tilgangi enda sé góðrar umgengni gætt.
3. Á varptíma, 1. maí til 1. júlí, er umferð um friðlandið næst Bakkatjörn takmörkuð.
4. Umferð með hunda er óheimil í friðlandinu.
5. Fuglaveiðar í friðlandinu eru óheimilar svo og meðferð skotvopna. Eyðing meindýra er heimil með leyfi umhverfisnefndar Seltjarnarness.
6. Losun jarðefna, rusls eða sorps er óheimil í friðlandinu.
7. Bæjarstjórn Seltjarnarness, að höfðu samráði við Náttúruvernd ríkisins, sér um nauðsynlegar aðgerðir til að almenningur geti notið hins friðlýsta svæðis, svo sem með lagningu göngustíga, fuglaskoðunarskýla, uppsetningu fræðsluskilta þar sem því verður við komið.

Umhverfisnefnd Seltjarnarness hefur umsjón og eftirlit með friðlandinu í umboði Náttúruverndar ríkisins og bæjarstjórnar Seltjarnarness. Gera skal sérstakan samning þar að lútandi sem umhverfissráðherra staðfestir.


Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Umhverfissráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar í Stjórnartíðindum.

Umhverfissráðuneytinu, 30. nóvember 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigurður Á. Práinsson.

Fylgiskjal.

Nr. 890

29. nóvember 2000

AUGLÝSING**um breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-,
Grímsnes- og Grafningshreppa 1995-2015, Miðengi.**

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 29. nóvember 2000 staðfest breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshreppa 1995-2015 frá 17. desember 1996.

Í breytingunni felst að spilda úr landi Miðengis breytist úr landbúnaðarsvæði í svæði fyrir frístundabyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 29. nóvember 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigríður Auður Arnardóttir.